



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Reykjavík, 26. maí 2017

Ákvörðun nr. 21/2017

Samruni Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf. á Kolefni ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi dags. 21. apríl sl. var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf. (hér eftir ÖES eða Ölgerðin) á Kolefni ehf. (Kolefni). Í bréfinu kemur fram að tilkynningin sé send a grundvelli 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Meðfylgjandi bréfinu var samrunaskrá í samræmi við 1. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. viðauka II við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum, sbr. síðari breytingar á þeim reglum, þ.e. svokölluð styttri samrunatilkynning. Eftirlitið taldi þá samrunaskrá tilteknum annmörkum háð og úr þeim annmörkum var bætt með tölvubrési dags. 28. apríl sl. Frestur Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 1. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga byrjaði því að líða frá og með 2. maí sl. og var samrunaaðilum tilkynnt þar um samdægurs með bréfi.

II.

Samruninn

Í samrunaskrá kemur fram að Ölgerðin sé aldargamalt fyrirtæki sem framleiði, flytji inn, dreifi og selji matvöru og dagvöru af ýmsum toga á heildsölustigi. Þá kemur fram að fyrirtækið eigi tilgreind dótturfélög sem öll starfa í áþekkri eða tengdri starfssemi. Kolefni er eignarhaldsfélag sem á einungis fasteign að Grjóthálsi 7-11 í Reykjavík þar sem Ölgerðin er með höfuðstöðvar sínar. Umrædd fasteign var byggð í lok síðasta áratugar og hefur Ölgerðin frá upphafi verið leigutaki hennar. Líkur standa því til þess að Ölgerðin hafi á grundvelli leigusamnings haft yferráð í skilningi samkeppnislaga yfir Kolefni en engu að síður kýs Ölgerðin að tilkynna um þessi viðskipti til Samkeppniseftirlitsins enda uppfylla þau veltuskilyrði laganna.

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar, þ.m.t. þegar tiltekið fyrirtæki nær yferráðum að hluta yfir öðru fyrirtæki með því að kaupa eignir þess, sbr. c-lið 1. mgr. ákvæðisins. Telja samrunaaðilar að skilyrði samrunareglna varðandi tilkynningarskyldu séu uppfyllt.



III.

Niðurstaða

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markaði frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

Ölgerðin er einn stærsti heildsali landsins og framleiðir og flytur inn ýmis konar vörur. Kolefni hefur þann eina tilgang að halda utan um eignarhald á fasteigninni að Grjóthálsi 7-11, þar sem Ölgerðin er með höfuðstöðvar sínar. Hafa þessi viðskipti því það eitt í för með sér að Ölgerðin mun eiga fasteignina undir höfuðstöðvarnar samanborið við það að hafa leigt þær frá byggingu hennar. Má ætla að það fyrirkomulag hafi verið við lýði nú í hartnær áratug. Því hafa þessi viðskipti í reynd engin samkeppnislega áhrif. Að öllu framangreindu virtu telur Samkeppniseftirlitið að í þessu máli séu áhrif á samkeppni engin.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Að mati samrunaaðila fela kaup Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf. á Kolefni ehf. í sér samruna í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna viðskiptanna.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson